



Fréttabréf Greiningardeildar

Febrúar 2025
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – febrúar 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. feb Verðbólga á evrusvæðinu	4	5 Vaxtaákvörðun ásamt útgáfu Peningamála (SÍ) Festi birtir uppgjör	6 Sjónvá og SKEL birta uppgjör Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka	7 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
10 Skráð atvinnuleysi í jan (VMST)	11 Brottfarir um Leifsstöð í jan (FMST)	12 Arion banki og Kvika banki birta uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum	13 Eik, Heimar og Íslandsbanki birta uppgjör	14
17 Greiðslumiðlun í jan (SÍ)	18 Vísitala íbúðaverðs í jan (HMS) Síminn birtir uppgjör	19 Vísitala leiguverðs í jan. (HMS) Fundargerð Peningastefnunefndar (SÍ) Sýn birtir uppgjör Verðbólga í Bretlandi	20 Mánaðarskýrsla (HMS) Skaginn og Sýn birta uppgjör	21 Vísitala launa í jan (HAG)
24	25	26 Velta skv. VSK-skýrslum nóv-des. (HAG) Alvotech og Iceland Seafood birta uppgjör	27 Vísitala neysluverðs í feb. (HAG) Vöru- og þjónustujöfnuður fyrir 4F (HAG) Gistinætur í jan Brim og Nóva klúbburinn birta uppgjör	28 Þjóðhagsreikningar fyrir 4F (HAG)




Verðbólga

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,27% á milli mánaða í janúar og verðbólga hjaðnaði úr 4,8% í 4,6%. Ársverðbólga án húsnæðis jókst aftur á móti lítillega, úr 2,8% í 3,0%. Hjöðnun ársverðbólgunnar skýrist því einna helst af minna framlagi húsnæðis. Það sést m.a. á því að árshækkun kjarnavísitölu 4, sem undanskilur húsnæði og ýmsa sveiflukenna liði, hækkaði á milli mánaða, sem má að hluta til skýra með verri janúarútsölum í ár en í fyrra.

Hagsjá: Verðbólga hjaðnar áfram


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Við spáðum örliðið meiri lækkun á vísitölunni á milli mánaða, eða 0,32%. Það sem kom helst á óvart í mælingunni var að janúarútsölur voru ekki eins góðar og við höfðum spáð. Á móti kom að reiknuð húsaleiga lækkaði á milli mánaða í janúar, en við spáðum hækkun. Verð á nýjum bílum lækkaði síðan óvænt milli mánaða og flugfargjöld til útlanda lækkuðu meira en við bjuggumst við.

Framlag undirliða í janúar



Janúarmælingar VNV

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Framlag vöruverðs til verðbólgu jókst á milli mánaða sem skýrist að stórum hluta af verri janúarútsölum nú en í fyrra. Framlag reiknaðrar húsaleigu til ársverðbólgu hefur minnkað síðustu mánuði vegna minni hækkana en á sama tíma fyrir ári. Nú í janúar mælist aftur á móti í fyrsta skipti lækkun á reiknaðri húsaleigu síðan Hagstofan tók upp nýja aðferð við mat á þeim lið og lækkaði framlag þess því nokkuð.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.

Heimild: Hagstofa Íslands




Horfur næstu mánuði

Við gerum nú ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,88% í febrúar, um 0,50% í mars og 0,56% í apríl. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 4,2% í febrúar og 3,9% í mars og í apríl. Samkvæmt spánni skýrist um helmingur af hjöðnun verðbólgu næstu mánuði af minnkandi framlagi reiknaðrar húsaleigu, en mjög stórir hækkunarmánuðir í reiknaðri húsaleigu 2024 detta út úr ársverðbólgunni á næstu mánuðum.


Verðbólguþáttur

Breyting milli mánaða



Verðbólguþáttur

Ársverðbólga



Stýrivextir


Við teljum líklegast að peningastefnunefnd lækki vexti um 0,5 prósentustig í febrúar. Verðbólga hefur hjaðnað um 0,5 prósentustig frá síðasta fundi nefndarinnar. Lækkun stýrivaxta um 0,5 prósentustig myndi færa raunstýrivexti miðað við liðna verðbólgu aftur í sama gildi og eftir síðustu ákvörðun og hefði í för með sér óbreytt taumhald.

Hagsjá: Spáum vaxtalækkun um 0,5 prósentustig

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS(óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025						
19. mar. 2025						
21. maí 2025						
20. ágú. 2025						
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

Meginvextir Seðlabanka Íslands




Vísitala íbúðaverðs


Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,6% á milli mánaða í desember. Mestu munar um að sérbylí á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 2,2%. Árshækkun vísitölunnar lækkaði úr 10,6% í 7,7%. Þrátt fyrir þessa lækkun á milli mánaða er árshækkun vísitölu íbúðaverðs nokkuð umfram hækkun á almennu verðlagi. Alls voru gerðir 920 kaupsamningar á landinu í nóvember, 9% fleiri en í sama mánuði árið 2023.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er nú mjög svipað til skamms og til langs tíma, rétt undir 4 prósentustigum. Álagið til tveggja ára og til fimm ára lækkaði í janúar, en hækkaði til fimm ára eftir fimm ár og til tíu ára.




Raunstyrivextir

Raunstyrivextir miðað við liðna verðbólgu hækkuðu aðeins á milli mánaða í janúar. Miðað við meðaltal ýmissa mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir hins vegar óbreyttir. Líklegt er að raunstyrivextir lækki svo lítillega á ný eftir næstu vaxtaákvörðun.



Atvinnuleysi


Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,8% í desember og jókst úr 3,7% frá því í nóvember, en atvinnuleysi hækkar almennt á milli mánaða í desember. Atvinnuleysi var 0,2 prósentustigum meira í desember en í sama mánuði árið áður, sem er svipaður munur á milli ára og verið hefur síðustu mánuði. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 3,9%.



Greiðslukortavelta íslenskra heimila


Alls nam greiðslukortavelta íslenskra heimila 127 mö.kr. í desember 2024 og jókst um 4,4% á milli ára, að teknu tilliti til verðlags og gengis. Innanlands jókst kortavelta íslenskra heimila um 1,4% að raunvirði milli ára og erlendis jókst hún um 18,2% á föstu gengi.

Hagsjá: Kortavelta landsmanna í sókn allt síðasta ár



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna voru rúmlega 4 ma.kr. í desember 2024. Þar af voru hrein ný verðtryggð lán tæplega 13 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum um 8 ma.kr. Fyrir árið í heild voru hrein ný verðtryggð lán viðskiptabankanna 264 ma.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 139 ma.kr.




Staðan í ferðapjónustu

142 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í desember 2024, sem er 5,0% aukning á milli ára. Fyrir árið í heild voru brottfarir 2,26 milljónir, sem eru 2,2% fleiri árið áður. Í desember jókst erlend kortavelta innanlands um 18% á milli ára á föstu verðlagi og 27% á föstu gengi.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns



Þróun helstu mælikvarða

Breyting milli ára eftir mánuðum




Vöruskiptajöfnuður

Vöruútflutningur var nokkuð kröftugur í desember og jókst um 19,2% á milli ára en sömuleiðis var mikill innflutningur í mánuðinum og verðmæti vöruinnflutnings jókst um 29,5% á verðlagi hvers árs. Mesta aukningin var í innflutningi á fjárfestingarvörum í desember sem tengist uppbyggingu gagnavera. Halli af vöruviðskiptum mældist 43,8 ma.kr. í desember og á árinu öllu mældist því 398,5 ma. kr. halli, en var til samanburðar um 368,3 ma.kr. á árinu 2023.


Vöruútflutningur

Á verðlagi hvers árs




Vöruinnflutningur

Ma.kr. á verðlagi hvers árs



Gengi krónunnar

Krónan veiktist á móti evru og Bandaríkjadal í janúar. Í lok mánaðarins stóð evran í 146,7 stað 143,9 í lok desember (+1,9%) og Bandaríkjadalur í 141,15 í stað 138,2 í lok desember (+2,1% innan mánaðar).



Gjaldeyrisinngrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í á gjaldeyrismarkaði í febrúar í fyrra þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum.



Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).